


Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð(Skólanefnd 09.06.2026)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 4		


Dags. 09.06.26	Tími: 14:00	Staðsetning: Stofa 4	Fund boðaði: Birgir
----------------	-------------	----------------------	---------------------

Mætt:	Petra, Salóme, Hjördís, Hildur Vala, Stefán Þór, Þórður Vilberg, Guðný, Sigurborg , Birgir.
Fjarverandi:	Eva Mjöll, Hlöðver , Tinna Rut


Dagskrá:

1. Ársreikningur 2025 og rekstraráætlun 2026 - BJ og SH
2. Framkvæmdir - BJ
3. Samningar - BJ
4. Tölur á vorönn 2026 - PLS og GBG
5. Haustönn 2026 – Umsóknir, námsframboð – GBG
6. Gjaldskrár 2026-2027 - BJ og SH
7. Starfsmannamál, auglýsingar og ráðningar – BJ
8. Afmæli VA – BJ og PLS
9. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárlíðs
1)	<p>Ársreikningur 2025 og rekstraráætlun 2026</p> <p>Birgir fer yfir ársreikning 2025. Þar ber helst að nefna að rúmlega 747 milljónir voru í tekjur en á móti voru gjöldin 709 milljónir sem þýðir að afgangur var 37,6 milljónir. Til samanburðar var árið á undan með afgang upp á 19,6 milljónir.</p> <p>Spurt um laun og launatengd gjöld og muninn milli skólaársins '24-25 sem munar um 40 milljónum. Þann mun má að mestu skýra vegna veikindaleyfa á núverandi skólaári og því síðasta auk hækkunar vegna kjarasamninga milli ára.</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð(Skólanefnd 09.06.2026)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 4		

	<p>Vorum að auka við stöðugildi á starfsbraut og þar þarf að bæta í vegna aukins nemendafjölda. Gert ráð fyrir því í áætlun næsta árs.</p> <p>Fyrirspurn kom hvað það er sem veldur því að reksturinn gangi vel. Því er svarað til að við fáum nægilega hátt framlag fyrir hvern nemanda auk þess að við fáum nægilegan fjölda ársnema til þess að sinna því sem við þurfum.</p> <p>Fyrirspurn kom um liðinn sölu á vöru og þjónustu. Þarna undir eru t.d. námskeiðsgjöld og allar aðrar tekjur en beinar tekjur af skólagjöldum. T.d. þjónustusgjöld, húsaleiga, námskeiðsgjöld og fl.</p> <p>Sigurborg fer yfir rekstraráætlun næsta árs. Tekur fram að þurfi að hækka hana í haust v/launa. Starfsbrautin er helsta breyting frá því sem var. Svo er óvissa með haustið t.d. vegna virðismatsvegferðar KÍ og svo frv.</p>
2)	<p>Framkvæmdir:</p> <p>Viðbyggingin v/verknámshúss, Þórður og Birgir hafa reynt að fá fund með ráðuneytinu síðan um miðjan apríl. Ekki er minnst á okkur í fjármálaáætlun til ársins 2031.</p> <p>Um miðjan apríl barst spurning á Alþingi v/stöðu mála og þar minnst ráðherra á að engin forathugun hafi átt sér stað af hálfu VA en Birgir minnst þess að hafa skilað inn ítarlegu spurningaskjali til ráðuneytisins fyrir 3 árum sem virðist hvergi hafa skilað sér inn. Í dag, 9. júní var sendur póstur á ráðuneytið þar sem þetta mál er rifjað upp og óskað eftir að við verðum látin vita ef það er eitthvað skref sem við eigum eftir að taka í forathugun.</p> <p>Allt sem viðkemur skipulaginu á svæðinu (sveitarfélagið Fjarðabyggð) þarf að komast af stað, við vitum um áhugasama aðila sem geta komið að málum og svo frv.</p> <p>Þórður óskar eftir leyfi fundarins að þeir Birgir fái að setja saman ályktun til ráðuneytisins þar sem farið er yfir stöðu mála varðandi þetta allt saman. Ályktunin verði síðan send í yfirllestur á skólanefnd áður en hún er send áfram. Fundurinn samþykkir það samhljóða.</p>
3)	<p>Samningar:</p> <p>Verðfyrirspurn vegna reksturs mötuneytis fyrir VA var send á fyrirtæki nú í vor, og inn barst eitt tilboð. Breyting verður á matnum í kjölfarið. Hildibrand hefur verið með matinn síðan árið 2019 en nú í haust verður farið yfir í GG þjónustu sem mun sjá um matinn næsta vetur.</p> <p>Hús var boðið til sölu nú á vordögum sem smíðað var af trédeildinni s.l. vetur. Ekkert tilboð barst innan auglýsts tímabils þrátt fyrir þó nokkurn áhuga en ein formleg fyrirspurn barst frá Hjólafélaginu Fönn. Úr varð að samkomulag hefur verið gert varðandi kaup Fannar á húsinu sem ætlað að nota það við nýja hjólabraut í Neskaupstað sem sett verður upp á næstunni. Gengið verður frá samningi um kaupin á næstu dögum.</p>
4)	<p>Tölur á vorönn</p> <p>Guðný fer yfir fjölda útskriftarnema á útskriftinni í vor.</p> <p>48 útskriftarnemendur sem útskrifuðust af 12 námsbrautum.</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð(Skólanefnd 09.06.2026)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 3 af 4		

	<p>Í vor útskrifuðust fyrstu nemarnir sem byrjuðu í helgarnámi í húsasmíði fyrir 3 árum. Stærsti hluti þeirra fór í sveinspróf um s.l. helgi en þar vorum við með 19 manns inni í smíðastofunni í einu sem sýnir m.a. fram á þörfina á stærra húsnaði því þarna var þröngt á þingi. Mesti fjöldi sem hefur verið í sveinsprófi áður eru 12 manns.</p> <p>Petra fer yfir gæðatölur vorannar 2026, m.a. einkunnir, brottfalls- og mætingartölur og fleira ásamt því að gefa fundarmeðlimum innsýn inn í starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir starfsmenn skólans mánaðarlega. Mæting nemenda hefur batnað og má líklega rekja það til nýrra skólasóknarreglna sem samþykktar voru í lok haustannar 2025.</p>
5)	<p>Umsóknir í dagskóla fyrir haustönn '26; Á þessum tímapunkti erum við með 40 umsóknir 10. bekkinga í fyrsta val samanborið við 26 á sama tíma í fyrra. Og þar fyrir utan eru 6 nýjir eldri nemendur með umsóknir í dagskóla.</p> <p>Erum með mikið af áhugasömu fólki varðandi dreifnám í vélvirkjun/vélstjórn og smáskipanámi (komnar inn 20 umsóknir). Dreifnámið í vélvirkjun/vélstjórn hefur verið kynnt sérstaklega undanfarið í samstarfi við Alcoa og farið var á kynningarfundum þangað. Stefnum á að fara af stað með hóp í dreifnámi í þessum fögum nú í haust.</p> <p>Ánægja er með stöðu mála hvað umsóknir varðar á þessum tímapunkti.</p>
6)	<p>Gjaldskrár 2026-2027 - BJ og SH</p> <p>Farið yfir breytingar á gjaldskrá fyrir komandi skólaár. Erum í samstarfi um sjúkraliðabraut við Menntaskólann á Ísafirði og Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra, gjaldskráin hefur verið lág eða um 30.000 kr fyrir 2 áfanga eða fleiri og hefur verið ákveðið að hækka gjaldið í 13.000 kr fyrir hvern áfanga og 4 áfangar eða fleiri 52.000kr.</p> <p>Leigan verður hækkuð á heimavistinni úr 25 í 28 þúsund fyrir tveggja manna herbergi og eins manns herbergi úr 35 þúsund í 38 þúsund.</p> <p>Gjaldskrá 2026/2027 borin upp til samþykktar á fundinum og er samþykkt af hálfu allra fundarmeðlima.</p>
6)	<p>Starfsmannamál, auglýsingar og ráðningar – BJ Birgir fer yfir breytingar á hópnum sem eru ekki miklar fyrir komandi skólaár.</p> <p>Ingibjörg og Arnar koma úr ársleyfi. Katrín Birna kemur inn í listaakademíuna og forvarnarfulltrúann. Gulli heldur áfram en hann kom sem afleysing í málminn í fyrra.</p> <p>Sigurveig Róbertsdóttir kemur inn á starfsbraut</p>
7)	<p>Afmæli VA – BJ og PLS</p> <p>Óskað hefur verið eftir Egilsbúð 4. sept fyrir VA-afmælistónleika og afmælisveislu daginn eftir</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	Fundargerð(Skólanefnd 09.06.2026)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 4 af 4		

	Þann 5. september. Þegar grænt ljós kemur v/Egilsbúðar verður hjólað í að skipuleggja þessa veislu en Guðjón Birgir mun að öllum líkindum sjá um uppsetningu tónleikahalds. Þjóða þarf fyrrum skólameisturum og fleirum í afmælisveisluna sjálfa á laugardeginum 5. sept. Fyrirhugað að kalla til fundar með afmælisnefnd skólans sem sett var á laggirnar í vetur um leið og staðfest dagsetning liggur fyrir.
8)	Önnur mál : Birgir fer yfir ályktun sem barst frá Austfirskri upplýsingu til skólanefndar og skólameistara þar sem lýst er yfir áhyggjum af stöðu bókasafna og upplýsingafræðslu í framhaldskólum á Austurlandi þar sem engin starfsmaður er á bókasöfnum VA og ME og bjóða skólanum til samtals um málefnið ef áhugi er fyrir hendi. Kynnt fyrir nefndinni.

Fundargerð ritaði: <i>Petra Lind Sigmundardóttir</i>	dags. 09.06.26
------------------------------------------------------	----------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):